



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fuglalíf í hlíðum Traðarhyrnu Bolungarvík

Mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík

Unnið fyrir Framkvæmdasýslu ríkisins
og Bolungarvíkurkaupstað

Hafsteinn H. Gunnarsson
Þorleifur Eiríksson

Ágúst 2001

NV nr. 3-01

Útdráttur

Athugun á fuglalífi í hlíðum Traðarhyrnu sýnir þrjú einsleit svæði m.t.t. fuglategunda. Í fyrsta lagi mýrarsvæðið í vesturhlutanum, svæði A, þar sem hrossagaukur og þúfutittlingur eru ríkjandi tegundir. Í öðru lagi neðri hluti hlíðarinnar, svæði B, sem markast nokkurn vegin af graslendum og er þar þúfutittlingur ríkjandi tegund. Í þriðja lagi efri hluti hlíðarinnar, svæði C, sem markast af grjótskriðum og steinadreif í graslendum, en þar er steindepill ríkjandi.

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR.....	2
EFNISYFIRLIT.....	3
1. INNGANGUR.....	4
2. AÐFERÐIR.....	4
3. NIÐURSTÖÐUR	4
<i>Mynd 1. Skipting einsleitra svæða.....</i>	5
<i>Tafla 1. Fuglaathuganir í hliðum Traðarhyrnu árin 1999, 2000 og 2001.</i>	5
5. ÁHRIF FRAMKVÆMDA OG VARNARGARÐA.....	6
6. MÓTVÆGISADGERÐIR.....	6
8. HEIMILDIR	6

1. Inngangur

Fuglalíf í hlíðum Traðarhyrnu var athugað þann 12. júní 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík.

2. Aðferðir

Við fuglatalninguna var miðað við mörk framkvæmdasvæðisins og því skipt upp í nokkur minni svæði. Byrjað var sjávarmegin við Stigahlíðina og var gengið upp og niður hlíðina að skíðalyftu. Hlustað var eftir fuglum og þeir taldir sem sáust. Út frá niðurstöðum talninga var svæðinu skipt upp í einsleit fuglasvæði og gerð grein fyrir fuglalífi á hverju svæði fyrir sig. Niðurstöður voru bornar saman við athuganir Þorleifs Eiríkssonar frá 20. júní 1999 og Heiðu Rafnsdóttur frá 7. júní 2000 (Náttúrustofa Vestfjarða, óbirt gögn).

3. Niðurstöður

Neðri hluta hlíðarinnar í Traðarhyrnu, frá Stigahlíð og út að enda Dísarlands, einkennist af þýfðu graslendi með lyngbollum (Arnlín Óladóttir, 2000). Virðist það vera kjörlendi þúfutittlinga sem voru þar í miklum meirihluta. Hrossagaukar sáust í neðri hluta hlíðarinnar (sjá töflu 1) fyrir ofan Dísarland, þá í og við skurð. Þrestir sáust einnig í neðri hlutanum, aðallega í lúpínubeðum, en væntanlega er um bæjarfugla að ræða, þ.e. fuglar sem halda sig aðallega í trjágróðri í gördum. Þúfutittlingur er varpfugl í neðri hluta hlíðarinnar en hrossagaukurinn talinn verpa nær mýrinni. Þrösturinn gæti átt hreiður í lúpínubeðunum en engin fundust við athugun.

Í vestur hlutanum, þ.e. innan við Dísar- og Traðarland, er mýri sem nær að skíðalyftum og niður að Þjóðólfsvegi. Þar voru hrossagaukar og þúfutittlingar í meirihluta en stökkanda- (1) og stelkapör (2) voru þar einnig á ferli (tafla 1). Þrestir sáust í lúpínubeði niður undir veg en flugu yfir á skógræktarsvæði austan vegar. Hrossagaukur, stökkönd og þúfutittlingar eru taldir vera varpfuglar á staðnum en þrösturinn talinn verpa í trjágróðri austan vegar.

Í efri hluta hlíða Traðarhyrnu ber meira á grjótskriðum og steinadreif, þó með graslendi innan um. Á því svæði voru nær eingöngu steindeplar þó að aðrar tegundir, s.s. þúfutittlingur, hrafn og fýll hafi sést fljúga á því svæði.

Athugun á fuglalífi í hlíðum Traðarhyrnu sýnir þrjú einsleit svæði m.t.t. fuglategunda, sjá mynd 1. Í fyrsta lagi mýrarsvæðið í vesturhlutanum, svæði A, þar sem hrossagaukur og þúfutittlingur eru ríkjandi tegundir. Í öðru lagi neðri hluti hlíðarinnar, svæði B, sem markast nokkurn vegin af graslendinu og er þar þúfutittlingur ríkjandi tegund. Í þriðja lagi efri hluti hlíðarinnar, svæði C, sem markast af grjótskriðum og steinadreif í graslendinu, en þar er steindepill ríkjandi.



Mynd 1. Skipting einsleitra svæða.

Þegar þessi athugun er borin saman við athuganir Þorleifs Eiríkssonar frá árinu 1999 kemur í ljós mjög svipuð dreifing fuglategunda, þ.e. steindepill í efri hluta hlíðarinnar, þúfutittlingur í neðri hlutanum og hrossagaukur ásamt þúfutittlingur í mýrlendinu. Þröstur sást aðallega í lúpínubeðum við Stigahlíð og Þjóðólfsveg. Í athugunum Heiðu Rafnsdóttur frá árinu 2000 var mýrin (svæði A) ekki skoðuð en þúfutittlingur var ríkjandi bæði á neðra og efra svæði (svæði B og C).

Tafla 1. Fuglaathuganir í hlíðum Traðarhyrnu árin 1999, 2000 og 2001.

Athuganir		12. júní 2001			7. júní 2000			20. júní 1999		
Svæði		A	B	C	A	B	C	A	B	C
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	8	8	2		10	12	4	4	
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>		1	6			4	1		8
Þröstur	<i>Turdus iliacus</i>	2	1					1		
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	4	1					2		
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	2							2	
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>	2						2		
Hrafn	<i>Corvus corax</i>			7			2			
Fjöldi tegunda		5	4	3		1	3	5	2	2

4. Áhrif framkvæmda og varnargarða

Á framkvæmdatíma má búast við mikilli röskun á búsvæðum fugla í hlíðum Traðarhyrnu. Með tilkomu varnargarða verður ennfremur mikil breyting á búsvæðum þessara fuglategunda, þá aðallega hrossagauks og steindepils. Mýrlendið mun væntanlega minnka eitthvað og mikil röskun verður á allri hlíðinni. Þúfutittlingur mun halda sínum búsvæðum og líklegra að þar bætist við. Steindepillin mun tapa sínum búsvæðum á framkvæmdasvæðinu verði ekkert að gert.

5. Mótvægisáðgerðir

Hægt er að minnka áhrif varnargarða á búsvæði fugla, þá aðallega steindepils, með því að gera ráð fyrir steinadreif og einhvers konar grjótskriðum í hlíðum varnargarðanna við frágang. Þannig væri mögulegt að endurheimta einhvern hluta þeirra búsvæða sem munu raskast.

6. Heimildir

Arlín Óladóttir, 2000. Athugun á gróðurfari í hlíðum Traðarhyrnu. Mat á umhverfisáhrifum snjóflóðavarna í Bolungarvík. Náttúrustofa Vestfjarða.